

REGLUR

um gjaldeyrismál.

Breytt með reglum nr. 568/2017 (tóku gildi hinn 27. júní 2017)

I. KAFLI

Fjármagnshreyfingar á milli landa og gjaldeyrisviðskipti.

1. gr.

Skilgreining á fjármagnshreyfingum á milli landa

Fjármagnshreyfingar á milli landa merkja yfirfærslu eða flutning á fjármunum á milli landa og flutning á fjármunum á milli innlendra og erlendra aðila, sbr. 1. gr. laga nr. 87/1992. Af 1. málsli. leiðir að flutningur á fjármunum á milli innlendra og erlendra aðila óháð því hvort slík yfirfærsla eða flutningur á sér stað með úttekt af reikningum hjá fjármálafyrirtækjum hér á landi yfir á reikninga hjá fjármálafyrirtækjum erlendis, eða öfugt, með millifærslu á milli tveggja reikninga hjá fjármálafyrirtækjum hér á landi og/eða með millifærslu á milli tveggja reikninga hjá fjármálafyrirtækjum erlendis, felur ávallt í sér fjármagnshreyfingu á milli landa. Þá felur yfirfærsla og flutningur á fjármunum til og frá landinu, þar sem fjármunir eru færðir af reikningum hjá fjármálafyrirtækjum hér á landi yfir á reikninga hjá fjármálafyrirtækjum erlendis, eða öfugt, ávallt í sér fjármagnshreyfingu á milli landa og gildir þá einu hvort verið sé að færa fjármuni á milli reikninga í eigu sama aðila eða ekki.

2. gr.

Undanþágur vegna fjármagnshreyfinga á milli landa.

Fjármagnshreyfingar á milli landa [í erlendum gjaldeyri]¹ skv. 1. – 4. og 6. tölul. 1. mgr. 13. gr. b laga um gjaldeyrismál eru undanþegar takmörkunum 1. [og 2. mgr.]² sömu greinar.

[Fjármagnshreyfingar á milli landa í innlendum gjaldeyri skv. 1. – 4. og 6. tölul. 1. mgr. 13. gr. b laga um gjaldeyrismál eru undanþegar takmörkunum 1. og 3. mgr. sömu greinar, að undanskildum fjármagnshreyfingum vegna:

1. Viðskipta með aflandskrónueignir sem falla undir lög um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum.
2. Útflutnings eftirfarandi verðbréfa þegar fjárfesting í þeim hefur ekki fallið undir bindingargrunn skv. 2. gr. reglna um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris:
 - a. Skuldabréfa eða víxla, útgefinna í innlendum gjaldeyri, sem eru rafrænt skráð samkvæmt lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa.
 - b. Hlutdeildarskríteina sjóða, sem fjárfesta í skuldabréfum eða víxlum útgefnum í innlendum gjaldeyri, sem eru rafrænt skráð samkvæmt lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, eða eiga innstæður í innlendum gjaldeyri hjá innlánsstofnunum hér á landi ef samanlagt hlutfall reiðufjár og innlána, sem bera 3,00% ársvexti eða hærri, í eignasamsetningu sjóða er 10% eða hærri.
3. Eftirfarandi ráðstafana, annarra en þeirra sem mynda bindingargrunn skv. 2. gr. reglna um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris, þegar greiðsla fer fram, beint eða óbeint, með úttekt af reikningi í eigu erlends fjármálafyrirtækis (Vostro-reikningi):
 - a. Fjárfestinga í verðbréfum skv. a. og b. lið 2. tölul.
 - b. Ráðstöfunar í innstæður í innlendum gjaldeyri hjá innlánsstofnun hér á landi og sem bera 3,00% ársvexti eða hærri.
 - c. Fjárfestinga í eigin fé fyrirtækis, sem fjárfest eða ráðstafað er beint eða óbeint með þeim hætti sem lýst er í a. og b. lið þessa töluliðar.
 - d. Lánveitinga til innlends aðila sem nýttar eru til fjárfestinga í þágu lánveitanda skv. a. – c. lið þessa töluliðar.]³

¹ a-liður 1. gr. reglna nr. 568/2017

² b-liður 1. gr. reglna nr. 568/2017

³ c-liður 1. gr. reglna nr. 568/2017

Tilkynna skal Seðlabanka Íslands um fjármagnshreyfingar á milli landa í erlendum gjaldeyri vegna:

1. Greiðslu vaxta, verðbóta, samningsbundinna afborgana og fyrirfram- og uppgreiðslu lánaskuldbindinga.
2. Greiðslu arðs.
3. Fjárfestinga í verðbréfum, hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, peningamarkaðsskjölum, öðrum framseljanlegum fjármálagerningum, peningakröfum og öðrum sambærilegum kröfuréttindum í erlendum gjaldeyri.
4. Inn- eða útflutnings verðbréfa.
5. Innleggs á og úttektar af reikningum hjá fjármálafyrirtæki hér á landi, þ.m.t. með úttekt í reiðufé.
6. Beinnar fjárfestingar erlendis, þ.m.t. langtímalánveitingar.
7. Fasteignakaupa innlendra aðila erlendis.
8. [Framvirkra viðskipta, viðskipta með valrétti, gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga og annarra afleiðusamninga.]⁴

[Tilkynna skal Seðlabanka Íslands um fjármagnshreyfingar á milli landa í innlendum gjaldeyri vegna

1. Fjárfestinga í verðbréfum, hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, peningamarkaðsskjölum, öðrum framseljanlegum fjármálagerningum, peningakröfum og öðrum sambærilegum kröfuréttindum í innlendum gjaldeyri.
2. Inn- eða útflutnings verðbréfa.
3. Innleggs á eða úttektar af reikningum erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi (Vostro-reikninga).
4. Beinnar fjárfestingar hérlandis, þ.m.t. langtímalánveitingar.
5. Framvirkra viðskipta, viðskipta með valrétti og annarra afleiðuviðskipta þó ekki gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga.]⁵

Um efni og framkvæmd tilkynninga skv. [3. og 4.]⁶ mgr. fer eftir 15. gr.

3. gr.

Undanþágur vegna gjaldeyrisviðskipta.

Gjaldeyrisviðskipti skv. 1. og 2. mgr. 13. gr. c laga um gjaldeyrismál, sem eru framkvæmd fyrir milligöngu fjármálafyrirtækis, eru undanþegin takmörkunum sömu greina. Jafnframt er heimilt að taka út erlendan gjaldeyri í reiðufé af gjaldeyrisreikningum hjá fjármálafyrirtækjum hér á landi.

Gjaldeyrisviðskipti skv. 1. mgr. sem framkvæmd eru fyrir milligöngu fjármálafyrirtækis hér á landi skulu tilkynnt til Seðlabanka Íslands. Um efni og framkvæmd tilkynninga fer eftir 15. gr.

4. gr.

Undanþágur vegna fjárfestinga í erlendum gjaldeyri.

Fjárfesting skv. 1. mgr. 13. gr. e laga um gjaldeyrismál er undanþegin takmörkunum sömu greinar.

Söluandvirði fjármálagerninga skv. 1. mgr. 13. gr. e laga um gjaldeyrismál, útgefina í innlendum gjaldeyri, og uppgjör viðskipta eru undanþegin takmörkunum og skilyrðum 1. málsl. 2. mgr., 3. og 4. mgr. 13. gr. e laga um gjaldeyrismál. [Uppgjör viðskipta með eftirfarandi fjármálagerninga er þó ekki undanþegið takmörkunum 3. og 4. mgr. 13. gr. e laganna:

- a. Skuldabréf eða víxla, útgefina í innlendum gjaldeyri, sem eru rafrænt skráð samkvæmt lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa.
- b. Hlutdeildarskírteini sjóða, sem fjárfesta í skuldabréfum eða víxlum útgefnum í innlendum gjaldeyri, sem eru rafrænt skráð samkvæmt lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, eða eiga innstæður í innlendum gjaldeyri hjá innlánsstofnunum hér á landi ef samanlagt hlutfall reiðufjár og innlána, sem bera 3,00% ársvexti eða hærra, í eignasamsetningu sjóða er 10% eða hærra.
- c. Eigið fé fyrirtækis, sem fjárfest eða ráðstafað er beint eða óbeint með þeim hætti sem lýst er í a. og b. lið.]⁷

Uppgjör viðskipta með fjármálagerninga skv. 1. mgr. 13. gr. e laga um gjaldeyrismál, útgefina í erlendum gjaldeyri, eru undanþegin takmörkunum 4. mgr. sömu greinar.

Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fyrirframgreiðslu af fjármálagerningum skv. 1. mgr. 13. gr. e laga um gjaldeyrismál eru undanþegnar takmörkunum 5. mgr. sömu greinar.

⁴ d-liður 1. gr. reglna nr. 568/2017

⁵ e-liður 1. gr. reglna nr. 568/2017

⁶ f-liður 1. gr. reglna nr. 568/2017

⁷ a-liður 2. gr. reglna nr. 568/2017

[Viðskipti skv. 1. og 2. mgr. skulu]⁸ tilkynnt Seðlabanka Íslands. Um efni og framkvæmd tilkynningar fer eftir 15. gr.

5. gr.

Undanþágur vegna lántaka og lánveitinga.

Lántökur og lánveitingar í [...] ⁹ erlendum gjaldeyri milli innlendra og erlendra aðila eru undanþegnar takmörkunum skv. 1. - 3. mgr. 13. gr. g laga um gjaldeyrismál, sbr. [3. mgr. þessarar greinar]¹⁰, að undanskildum lánveitingum innlendra aðila til erlendra aðila í erlendum gjaldeyri með greiðslu á bankareikning hjá fjármálafyrirtæki hér landi og ráðstafað er, beint eða óbeint, til:

- a. Fjárfestinga í skuldabréfum eða víxlum, útgefnum í innlendum gjaldeyri, sem eru rafrænt skráð samkvæmt lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa.
- b. Ráðstöfunar í innstæður í innlendum gjaldeyri hjá innlánsstofnun hér á landi og sem bera 3,00% ársvexti eða hærri.
- c. Fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum sjóða, sem fjárfesta í skuldabréfum eða víxlum útgefnum í innlendum gjaldeyri, sem eru rafrænt skráð samkvæmt lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, eða eiga innstæður í innlendum gjaldeyri hjá innlánsstofnunum hér á landi ef samanlagt hlutfall reiðufjár og innlána, sem bera 3,00% ársvexti eða hærri, í eignasamsetningu sjóða er 10% eða hærri.
- d. Fjárfestinga í eigin fé fyrirtækis, sem fjárfest eða ráðstafað er beint eða óbeint með þeim hætti sem lýst er í a.- c. lið.

[Lántökur og lánveitingar í innlendum gjaldeyri milli innlendra og erlendra aðila eru undanþegnar takmörkunum skv. 1. og 2. mgr. 13. gr. g laga um gjaldeyrismál, að undanskildum lánveitingum innlendra aðila til erlendra aðila í innlendum gjaldeyri sem ráðstafað er, beint eða óbeint, skv. a. – d. lið 1. mgr. þessarar greinar.]¹¹

Að fenginni staðfestingu Seðlabanka Íslands á að lánveiting sé ekki veitt í þeim tilgangi sem lýst er í a. – d. lið 1. mgr. eru slíkar lánveitingar undanþegnar takmörkunum 1. – 3. mgr. 13. gr. g laga um gjaldeyrismál.

Endurgreiðslur lána í innlendum og erlendum gjaldeyri milli innlendra og erlendra aðila eru undanþegnar takmörkunum skv. 4. – 5. mgr. 13. gr. g laga um gjaldeyrismál, að undanskildum endurgreiðslum vegna lánveitinga innlendra aðila til erlendra aðila [...] ¹² sem ráðstafað er beint eða óbeint í þeim tilgangi sem lýst er í a. – d. lið 1. mgr. [eða 2. mgr.]¹³

Um efni og framkvæmd beiðna um staðfestingu skv. [3.]¹⁴ mgr. fer eftir 14. gr.

6. gr.

Undanþágur vegna útgáfu ábyrgða.

Þrátt fyrir takmarkanir 13. gr. h laga um gjaldeyrismál er heimilt að ganga í eða takast á hendur ábyrgð á greiðslum til erlendra aðila.

7. gr.

Undanþágur vegna afleiðuviðskipta.

Afleiðuviðskipti við fjármálafyrirtæki hér á landi sem hafa þann tilgang að vera áhættuvarnir, þar sem innlendir gjaldeyrir er í samningi gagnvart erlendum gjaldeyri, eru undanþegin takmörkunum 1. mgr. 13. gr. i laga um gjaldeyrismál að fenginni staðfestingu Seðlabanka Íslands að um áhættuvarnir sé að ræða, að því gefnu að gjaldeyrisójöfnuður sé til staðar yfir tímalengd þess afleiðusamnings sem gerður er. Varnir skv. 1. másl. skulu endurspeglar gjaldeyrisójöfnuð og samningum skal breytt til samræmis ef forsendur fyrir gerð þeirra breytast, s.s. sala undirliggjandi eigna eða uppgjör skulda fyrir gjalddaga. Seðlabankinn getur afturkallað staðfestingu skv. 1. másl. ef hann telur að forsendur til áhættuvarna séu ekki lengur til staðar.

Með afleiðuviðskiptum skv. 1. mgr. er átt við viðskipti með fjármálagerninga skv. d. - h. lið 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti.

⁸ b-liður 2. gr. reglna nr. 568/2017

⁹ a-liður 3. gr. reglna nr. 568/2017

¹⁰ b-liður 3. gr. reglna nr. 568/2017

¹¹ c-liður 3. gr. reglna nr. 568/2017

¹² d-liður 3. gr. reglna nr. 568/2017

¹³ e-liður 3. gr. reglna nr. 568/2017

¹⁴ f-liður 3. gr. reglna nr. 568/2017

[Afleiðuviðskipti vegna áhættuvarna í tengslum við skuldabréfaútgáfur í innlendum gjaldeyri þar sem útgáfa fer fram erlendis falla ekki undir undanþágu 1. mgr.]¹⁵

Afleiðuviðskipti skv. 1. mgr. eru háð því skilyrði að samningar verði ekki framseldir beint eða óbeint til þriðja aðila fyrir lokagjaldþaga.

Fjármálafyrirtæki hér á landi skal tilkynna Seðlabanka Íslands [um afleiðuviðskipti við viðskiptavini sína þar sem innlendir gjaldeyris er í samningi gagnvart erlendum gjaldeyri.]¹⁶

Um efni og framkvæmd beiðna um staðfestingu skv. 1. mgr. fer eftir 1. - 3. mgr. 13. gr.

Um efni og framkvæmd tilkynninga [skv. 5. mgr.]¹⁷ fer eftir 4. mgr. 13. gr.

8. gr.

Undanþágur vegna greiðslu vaxta, verðbóta, arðs og samningsbundinna afborgana.

Gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslu á vöxtum, verðbótum, arði og samningsbundnum afborgunum eru heimilar, óháð takmörkunum og skilyrðum 1. - 9. mgr. 13. gr. j laga um gjaldeyrismál.

9. gr.

Nýfjárfesting.

Reglur þessar hafa ekki áhrif á skyldur aðila vegna fjárfestinga sem gerðar eru fyrir nýtt innstreymi erlends gjaldeyris í skilningi 13. gr. m laga um gjaldeyrismál. Tilkynna ber um slíkar fjárfestingar innan þriggja vikna frá því að nýju innstreymi erlendis gjaldeyris er skipt í innlendan gjaldeyri, sbr. 4. mgr. 13. gr. m og endurfjárfestingar skv. 7. mgr. sömu greinar. Fjármunir sem losna við sölu á nýfjárfestingu skulu þó ekki háðir staðfestingu Seðlabanka Íslands, en tilkynna skal um söluna til Seðlabankans.

Um efni og framkvæmd tilkynninga skv. 1. mgr. fer eftir 15. gr.

10.

Undanþága frá skilaskyldu.

Innendir aðilar eru undanþegnir skilaskyldu skv. 13. gr. l laga um gjaldeyrismál.

11. gr.

Undanþága vegna greiðslna fyrir útflutning vöru og þjónustu.

Greiðslur vegna útflutnings vöru og þjónustu skulu undanþegnar skilyrði 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II laga um gjaldeyrismál.

12. gr.

Annað.

Reglur þessar hafa ekki áhrif á reglur um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris, með síðari breytingum, eða reglur um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, með síðari breytingum.

II. KAFLI

Beiðnir um staðfestingu og tilkynningar.

13. gr.

Beiðni um staðfestingu og tilkynning vegna afleiðuviðskipta.

Beiðni um staðfestingu Seðlabanka Íslands á afleiðuviðskiptum skv. 7. gr. til áhættuvarna skal innihalda eftirfarandi upplýsingar og gögn:

1. Afleiðuviðskipti til áhættuvarna á grundvelli áætlunar um vöru- og þjónustuviðskipta:
 - a. Ársreikningar félagsins síðustu tveggja ára.
 - b. Áætlun um gjaldeyrisójöfnuð vegna vöru- og þjónustuviðskipta, sundurliðaða eftir mánuðum í innlendum og erlendum gjaldeyri, með hliðsjón af gjaldeyrisójöfnuði síðasta árs.
 - c. Lýsing á þeim afleiðusamningum sem fyrirhugað er að gera til að verja, n.t.t. upplýsingar um form, fjárhæðir og tímalengd viðskipta.
2. Afleiðuviðskipti til að leiðrétta gjaldeyrisójöfnuð miðað við grunnmynt vegna vaxtaberandi skulda eða eigna innlendra aðila:

¹⁵ a-liður 4. gr. reglna nr. 568/2017

¹⁶ b-liður 4. gr. reglna nr. 568/2017

¹⁷ c-liður 4. gr. reglna nr. 568/2017

- a. Nýjasti ársreikningur félagsins.
 - b. Upplýsingar um þann gjaldeyrisjöfnuð sem til stendur að verja.
 - c. Lýsing á þeim afleiðusamningum sem fyrirhugað er að gera til að verja gjaldeyrisjöfnuð, n.t.t. upplýsingar um form, fjárhæðir og tímalengd viðskipta.
3. Afleiðuviðskipti til að verja nýfjárfestingu skv. 13. gr. m laga nr. 87/1992 um gjaldeyrisviðskipti fyrir gengisáhættu:
 - a. Upplýsingar um eignir sem fyrirhugað er að verja.
 - b. Lýsing á þeim afleiðusamningum sem fyrirhugað er að gera til að verja nýfjárfestinguna, n.t.t. upplýsingar um form, fjárhæðir og tímalengd viðskipta.
 4. Framvirk kaup eða sala á erlendum gjaldeyri til að verja vænt greiðsluflæði vegna fjárfestingar:
 - a. Upplýsingar sem staðfesta að um fjárfestingu sé að ræða.
 - b. Upplýsingar um vænt greiðsluflæði sem fyrirhugað er að verja.
 - c. Lýsing á þeim afleiðusamningum sem fyrirhugað er að gera til að verja greiðsluflæði, n.t.t. upplýsingar um form, fjárhæðir og tímalengd viðskipta.
 5. Afleiðuviðskipti sem hafa þann tilgang að vera áhættuvarnir, annarra en skv. 1. -4. tölul.:
 - a. Upplýsingar um þann gjaldeyrisjöfnuð eða áhættu sem til stendur að verja.
 - b. Lýsing á þeim afleiðusamningum sem fyrirhugað er að gera til að verja gjaldeyrisjöfnuð eða áhættu, n.t.t. upplýsingar um form, fjárhæðir og tímalengd viðskipta.

Afhenda skal Seðlabankanum öll þau frekari gögn og upplýsingar sem Seðlabankinn kann að óska eftir til að geta staðfest að um afleiðuviðskipti til áhættuvarna sé að ræða.

Beiðni um staðfestingu skv. 1.-5. tölul. 1. mgr. og gögn skulu berast rafrænt til Seðlabanka Íslands á netfangið ge.gagnaskil@sedlabanki.is.

Tilkynning fjármálafyrirtækja hér á landi til Seðlabanka Íslands um [afleiðuviðskipti skv. 5. mgr.]¹⁸ 7. gr. skal send rafrænt til Seðlabanka Íslands samkvæmt leiðbeiningum Seðlabankans um nánari framkvæmd reglna þessara, sbr. 18. gr., sem birtar eru á vefsíðu bankans.

14. gr.

Beiðni um staðfestingu vegna lánveitinga innlendra aðila til erlendra aðila í erlendum gjaldeyri.

Beiðni um staðfestingu Seðlabanka Íslands á lánveitingum innlendra aðila til erlendra aðila í erlendum gjaldeyri skv. 5. gr. skal innihalda eftirfarandi upplýsingar og gögn:

- a. Upplýsingar um lánveitanda (nafn, kennitala og heimilisfang).
- b. Upplýsingar um lántaka (nafn, kennitala og heimilisfang).
- c. Upplýsingar um tilefni og ráðstöfun lánveitingar.
- d. Fjárhæð lánveitingar.
- e. Vaxtaprósentu.

Afhenda skal Seðlabanka Íslands öll þau frekari gögn og upplýsingar sem Seðlabankinn kann að óska eftir til að geta staðfest að lánveiting hafi ekki verið veitt í þeim tilgangi sem lýst er í a. – d. lið 1. mgr. 5. gr.

Beiðni um staðfestingu skv. 1. mgr. og gögn skulu berast rafrænt til Seðlabanka Íslands á netfangið ge.gagnaskil@sedlabanki.is.

15. gr.

Tilkynning um fjármagnshreyfingu á milli landa, gjaldeyrisviðskipti og fjárfestingu.

Tilkynning til Seðlabanka Íslands um fjármagnshreyfingu á milli landa skv. [1. - 8. tölul. 3. mgr. og 1. – 5. tölul. 4. mgr.]¹⁹ 2. gr., gjaldeyrisviðskipti skv. 3. gr. og fjárfestingar skv. 4. gr. skal send af hálfu þess fjármálafyrirtækis sem hefur milligöngu um fjármagnshreyfinguna, gjaldeyrisviðskiptin eða fjárfestinguna [...] ²⁰. Ef greiðsla á sér stað án aðkomu innlends fjármálafyrirtækis skal greiðandi sjálfur annast tilkynningu til Seðlabankans.

Tilkynning og gögn skv. 1. mgr. skulu berast rafrænt til Seðlabanka Íslands samkvæmt leiðbeiningum Seðlabankans um nánari framkvæmd reglna þessara, [innan 5 virkra daga frá því að greiðsla á sér stað og mánaðarlegar samantektir innan 5 virkra daga frá síðasta degi mánaðarins sem samantektin nær til. Tilkynningarskylda fer eftir því sem nánar greinir í leiðbeiningum,]²¹ sbr. 18. gr., sem birtar eru á vefsíðu

¹⁸ a-liður 5. gr. reglna nr. 568/2017

¹⁹ a-liður 6. gr. reglna nr. 568/2017

²⁰ b-liður 6. gr. reglna nr. 568/2017

²¹ c-liður 6. gr. reglna nr. 568/2017

bankans. Fjármálafyrirtæki sem hefur milligöngu um fjármagnshreyfingu getur, að höfðu samráði við Seðlabankann, uppfyllt tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. með sjálfvirkum hætti.

16. gr.

Nýfjárfesting.

Tilkynning um nýfjárfestingu og endurfjárfestingu hennar fer eftir 4. og 7. mgr. 13. gr. m laga um gjaldeyrismál.

Tilkynning vegna sölu á nýfjárfestingu skv. 13. gr. m laga um gjaldeyrismál skal send á netfangið nyfjarfesting@sedlabanki.is.

17. gr.

Tilkynning skv. 2. mgr. 14. gr. laga um gjaldeyrismál.

Þrátt fyrir skilyrði 2. mgr. 14. gr. laga um gjaldeyrismál um skyldu innlendra lögaðila til að tilkynna Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa á grundvelli ákvæðisins innan þriggja vikna, er innlendum lögaðilum heimilt að senda Seðlabanka Íslands mánaðarlega samantekt um framangreind viðskipti. Slík samantekt skal berast Seðlabankanum eigi síðar en mánuði frá stofnun yngstu skuldbindingar.

Tilkynning skv. 2. mgr. 14. gr. laga um gjaldeyrismál, sbr. 1. mgr., skal berast rafrænt til Seðlabanka Íslands samkvæmt leiðbeiningum Seðlabankans um nánari framkvæmd reglna þessara, sbr. 18. gr., sem birtar eru á vefsíðu bankans.

III. KAFLI

Leiðbeiningar, viðurlög og gildistaka.

18. gr.

Leiðbeiningar.

Seðlabankinn setur leiðbeiningar um nánari framkvæmd reglna þessara og birtir á heimasíðu sinni.

19. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum þessara reglna varða stjórnvaldssektum og refsingum skv. 15. gr. a – 15. gr. d, 15. gr. h, 16. gr., 16. gr. a og 16. gr. b laga nr. 87/1992, með síðari breytingum.

20. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 4. mgr. 13. gr. b, 5. mgr. 13. gr. c, 9. mgr. 13. gr. j, 15. mgr. 13. gr. n, 4. og 5. mgr. 13. gr. o, 3. mgr. 13. gr. p og 1. og 3. mgr. 14. gr. laga nr. 87/1992, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 1266/2016, um gjaldeyrismál.

Reykjavík, 12. mars 2017.

Seðlabanki Íslands,

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri.

Guðmundur Sigbergsson
starf. frkvstj. gjaldeyriseftirlits.